Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 20.12.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 19. desember 2018 varðandi eftirfarandi mál.

**Stekkjarbakki Þ73**
Lögð fram tillaga Landslags ehf. dags. 14. desember 2018 að deiliskipulagi fyrir Stekkjarbakka Þ73. Um er að ræða nýtt skipulag á svæðinu norðan Stekkjarbakka þar sem er skilgreint opið svæði og þróunarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í tillögunni eru skilgreindar nýjar lóðir, byggingareitir og hámarks byggingarmagn á svæðinu. Sýndar eru nýjar aðkomur inn á svæðið og fjöldi bílastæða skilgreint.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu skv. 31. gr. sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.með fjórum atkvæðum fulltrúa Viðreisnar Gunnlaugs Braga Björnssonar, fulltrúa Pírata Alexöndru Briem og fulltrúa Samfylkingarinnar Kristínar Soffíu Jónsdóttur og Pawel Bartoszek gegn þremur atkvæðum fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Katrínar Atladóttur, Ólafs Kr. Guðmundssonar og Valgerðar Sigurðardóttu.*

*Fulltrúar Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson, fulltrúi Pírata Alexandra Briem og fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Pawel Bartoszek bóka: "Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata bóka: Elliðaárdalurinn er eitt af vinsælustu útivistarsvæðum borgarinnar. Það er einstakt að eiga slíka náttúruperlu inni í miðri höfuðborg og mikilvægt að vanda vel til allrar uppbyggingar í umhverfi dalsins. Helgunarsvæði Elliðaáa verndar mikilvægasta svæði dalsins og er gert ráð fyrir að öll uppbygging á útjaðri útivistarsvæðisins bæti aðgengi og stuðli að aukinni nýtingu. Deiliskipulagið sem hér er samþykkt gerir m.a. ráð fyrir matjurðargörðum og svæði til útikennslu sem er í samræmi við aðalskipulag svæðsins þar sem gert hefur verið ráð fyrir uppbyggingu af grænum toga. Áform Aldin BioDome eru metnaðarfull og í góðu samræmi við skipulag svæðsins og má gera ráð fyrir að Aldin BioDome muni styðja við útivist í dalnum. Uppbyggingin er í samræmi við áherslu á skapandi greinar í grænni og lifandi borg og greinilegt er að áhersla verður lögð á gæði og vandaðan frágang, m.a. með tilliti til BREEAM sjálfbærnistaðla og WELL stöðlum um heilsusamlegar byggingar."*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Katrín Atladóttir, Ólafur Kr. Guðmundsson og Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúi Miðflokksins Baldur Borgþórsson bóka: "Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Miðflokks leggja ríka áherslu á verndun grænna svæða í borgarlandinu og leggjast gegn hvers kyns húsnæðisuppbyggingu sem gengið gæti nærri slíkum svæðum. Grænn svæði í borgarlandinu á að þróa sem útivistarsvæði og ekki á að ganga á þau með uppbyggingu húsnæðis. Árið 2014 var lögð fram tillaga í borgarráði um friðun Elliðaárdals í deiliskipulagi með svokallaðri hverfisvernd. Eins liggur fyrir að friðun með hverfisvernd í deiliskipulagi hefur ekki sömu réttaráhrif og friðlýsing samkvæmt náttúruverndarlögum. Elliðaár og nærliggjandi svæði virðast því hvorki friðuð með hverfisvernd né samkvæmt náttúruverndarlögum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Miðflokks telja rétt að unnið verði að því, í samráði við umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun, að Elliðaárdalur og nærliggjandi svæði verði friðlýst með þeim hætti sem kveðið er á um í 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013."*

*Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjal: tillaga Landslags ehf. dags. 14. desember 2018




Gildandi deiliskipulag 1:2000

Deiliskipulagsbreyting 1:2000




Hluti af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030




Hluti af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, þróunarsvæði Þ73

## SKÝRINGAR GILDANDI DEILISKIPULAGS

- MÖRK DEILISKIPULAGSBREYTINGAR
- LÓÐIR / DÆLUHÚS ORKUVEITU REYKJAVÍKUR
- BYGGINGAR INNAN SKIPULAGSSVÆÐIS
- BYGGINGAR UTAN SKIPULAGSSVÆÐIS
- GÖNGUSTÍGUR
- REIÐGATA
- AKVEGUR
- AKVEGUR SKV. SKIPULAGI
- BRÁÐABYRGÐA VEGIR/ VEGIR SEM FARA
- FYRIRHUGAÐUR VEGUR
- HEITT VATN
- KALT VATN

- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Fráveitulögn
- Helgunarsvæði fráveitulagnar
- Lóðarmörk
- Byggingarreitir
  *A = Þjónustuíbúðir*
  *B1 og B2 = Gróðurhvelfingar*
  *C = Samkomu- og skrifstofubygging*
- Byggingarreitur létt tengibygging
  *B3 = Tengibygging fyrir Gróðurhvelfingar*
- Núverandi byggingar
- Byggingar sem víkja
- Göngu- og hjólastígar
- Hjólastígur (utan skipulagsbreytingar)
- Núverandi gróður
- Nýr gróður á borgarlandi (leiðbeinandi)
- Vegir og bílastæði
- Núv. undirgöng
- Ný undirgöng og stígur

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____
Tillagan var auglýst frá _____
með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulags var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

_____

# REYKJAVÍKURBORG - STEKKJARBAKKI

## BREYTING Á DEILSIKIPULAGI

## DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR - TILLAGA

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A1: | 1:2000 | TEIKN NR: | 1 AF 4 |
| DAGS: | 14.12.2018 | HANNAÐ: | GRG/ÞH |
| FLOKKUR: | 0000-reyk-elli | TEIKNAÐ: | GRG/ÓÍ |
| SKRÁ: | 16184-dsk | VERKNR: | 16184 |

LANDSLAG

X:\0-VERK\0000-REYK-ELLI\A\16184-ELLIÐAÁRDALUR_DSKBREYTING V STEKKJARBAKKA\TEIKN\DWG\16184-DSK-BR-2018.DWG




SKÝRINGAR

- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Byggingarreitir
- Lóðamörk
- Núverandi byggingar
- Nýjar byggingar
- Byggingar innan skipulagssvæðis með glerþaki eða sambærilegu
- Byggingar sem víkja
- Vegir og bílastæði
- Hjólastæði
- Göngu- og hjólastígar
- Aðkoma / torgsvæði
- Hjólastígur (utan skipulagsbreytingar)
- Núverandi gróður
- Núverandi gróður innan lóða
- Nýr gróður á borgarlandi (leiðbeinandi)
- Núv. undirgöng
- Ný undirgöng og stígur

0 50m

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu, skýringaruppdráttur 1:1000

## 1 Forsendur

Um er að ræða breytingu á gildandi deiliskipulagi Elliðaárdals sem nær til svæðis norðan Stekkjarbakka, skv. 1 mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin er gerð vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á þróunarsvæði Þ73 í samræmi við markmið í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Skipulagssvæðið er innan afmörkunar deiliskipulags Elliðaárdals. Í breytingunni eru skilgreindar lóðir og byggingarreitir, sem og skipulagsskilmálar útfærðir þar sem takmarkanir eru settar m.a. á starfsemi, uppbyggingu, útlit og meðferð mengandi efna og ofanvatns. Slíkir skilmálar eru settir til þess að vernda grænt yfirbragð Elliðaárdals sem og vatnasvið Elliðaáa. Um er að ræða „græna" starfsemi með sjálfbærni að leiðarljósi, t.d. með því að lágmarka orkunotkun og nýta umhverfisvænar auðlindir sem fyrir eru á svæðinu. Starfsemi getur skv. B-hluta Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 t.d. verið verslun með tré og plöntur, grænn markaður með mat- og heilsuvörur, gróðrarstöð eða rekstur veitingastaðar og þjónustu í gróðurhúsum/hvelfingum, sem og starfsemi og uppbyggingu vegna félaga í garðyrkju eða gróðurtengdri starfsemi. Einnig eru möguleikar á starfsemi sem tengist útivist, hjúkrunarheimili, sambýli eða íþróttastarfsemi.

### *1.1 Aðdragandi og tilgangur*

Vinna við breytingu á deiliskipulagi var sett í gang í kjölfar þess að fyrirtækið Spor í sandinn ehf. fékk vilyrði í Borgarráði fyrir lóð á því svæði sem deiliskipulagið nær yfir varðandi möguleika á uppbyggingu á umræddu svæði. Síðar í ferlinu var það lóðavilyrði útvíkkað þannig að fyrirheit voru gefin um stærri lóð og möguleika á frekari uppbyggingu. Í kjölfarið var ákveðið að vinna breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals og gera grein fyrir mögulegri landnotkun og lóðum. Unnin var skipulagslýsing, dags. 1. desember 2016 sem var síðan samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði og Borgarráði til kynningar og umsagnar . Í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur er svæðið skilgreint sem opið svæði og þróunarsvæði 73 (Þ73) þar sem m.a. kemur fram að heimiluð sé starfsemi sem hentar í nálægð útivistarsvæðis. Í gildandi deiliskipulagi Elliðaárdals er lítillega tekið á skipulagssvæðinu norðan Stekkjarbakka sem nær frá undirgöngum við Blesugróf í vestri að Höfðabakka í austri. Í skipulaginu er gert ráð fyrir hraðbraut (færslu) Stekkjarbakka en nýlega hefur verið gerð breyting á aðalskipulagi þar sem horfið er frá fyrirhugaðri færslu Stekkjarbakka til norðurs (milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka). Breyting á deiliskipulagi gerir því ráð fyrir að Stekkjarbakki verði áfram í núverandi legu í samræmi við breytingu á aðalskipulagi.

### *1.2 Skipulagsleg staða, aðalskipulag*

Reiturinn er í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 skilgreindur sem Þ73, svæði norðan Stekkjarbakka. Um er að ræða raskað svæði í jaðri útivistarsvæðisins í Elliðaárdal. Svæði fyrir starfsemi sem hentar í nálægð útivistarsvæðisins, tengist útivist, íþróttastarfsemi eða samfélagsþjónustu. Umfang mögulega bygginga verði takmarkað og miðist við 1-2 hæðir að jafnaði frá botnplötu á aðkomuhæð. Mögulegg byggð hafi sem minnst sjónræn áhrif frá Elliðaárdalnum. Einnig er heimilt að gera ráð fyrir "grænni starfsemi", ræktun og gróðrarstöð. Umrætt svæði er þegar raskað að hluta og er talið að uppbygging á svæðinu hafi óveruleg áhrif á útivistargildi Elliðaárdalsins.

### *1.3 Afmörkun skipulagssvæðisins og stærð*

Skipulagssvæðið er um 18 hektarar að stærð og liggja mörkin sunnan við Stekkjarbakka til suðurs, austan Höfðabakka til austurs og við göngustíg austan við mislægu gatnamótin við Reykjanesbraut til vesturs. Afmörkun til norðurs er neðan bratts bakka að Elliðaárdal eins og deiliskipulagsuppdrátturinn sýnir.

### *1.4 Núverandi aðstæður*

Svæðið er að mestu raskað land, en hefur gróið upp í gegnum árin og hefur nú grænt og tiltölulega náttúrulegt yfirbragð. Á svæðinu var m.a. ósamþykkt íbúðabyggð og síðar var þar efnistaka úr námum á svæðinu. Samkvæmt fornleifaskrá og húsakönnun yfir svæðið sem unnin var af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2017 þá er lagt til að vernda með hverfisvernd eitt hús á svæðinu, Gilsbakka. Flestar aðrar minjar á deiliskipulagssvæðinu eru samkvæmt fornleifaskrá og húsakönnun frá árinu 1930 eða yngri og hafa því ekki hátt verndargildi. Undantekning frá þessu er gamli Vatnsveituvegurinn, en í deiliskipulagi er gert ráð fyrir að vernda hann þar sem hann er sjáanlegur og verður hann notaður áfram sem stígur. Þá var á svæðinu bækistöð Garðyrkjudeildar Reykjavíkurborgar og skólagarðar, en Garðyrkjufélag Íslands er nú með vinsæla ræktunarreiti fyrir félagsmenn sína á svæðinu (sem kallast Smálönd) sem gert er ráð fyrir að verði óbreyttir að mestu.

Þá eru dæluhús og lóðir Orkuveitu Reykjavíkur á svæðinu. Aðkoma akandi umferðar til og frá svæðinu er frá Stekkjarbakka. Nokkur landhalli er á svæðinu en landinu hallar frá Stekkjarbakka niður í átt að Elliðaám og er mestur í ákveðnum bakka norðan núverandi garðlanda. Þá liggur fráveitulögn Veitna um svæðið með 10 metra breiðu helgunarsvæði, en lögnin er á u.þ.b. 5 m dýpi. Þessi þáttur takmarkar uppbyggingu á svæðinu og hefur áhrif á skipulag lóða og byggingarreita.

### *1.5 Gögn deiliskipulagsins*

Gögn deiliskipulagsins samanstanda af deiliskipulagsuppdrætti, skýringaruppdrætti, skilmálateikningum og skýringarsniðteikningum auk greinargerðar á uppdráttum.

## 2 Deiliskipulag

Markmið deiliskipulagsbreytingar er að:

- Skilgreina hvers konar starfsemi er möguleg á svæðinu í samræmi við landnotkun sem skilgreind er í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Einnig að ákvarða uppbyggingarmagn sem svæðið getur borið, afmarka mögulegar lóðir og byggingarreiti á svæðinu, setja skilmála fyrir nýjar byggingar, nýtingarhlutfall og gróður innan lóða. Halda skal í þann borgarbúskap og matjurtarækt sem hefð er komin á innan svæðisins
- Skilgreina mögulega uppbyggingu á þann hátt að hún falli vel að landslagi og umhverfi, sjá til þess að sjónræn áhrif, ljósmengun og fjöldi bílastæða séu innan viðunandi marka og yfirbragð verði sem náttúrulegast.
- Tryggja góð tengsl við umhverfið með fyrirkomulagi stíga, nýrra og opnari undirganga, gatna og opinna grænna svæða.
- Gerð verður grein fyrir staðsetningu fyrir biðstöðvum almenningssamgangna við Stekkjarbakka.

Í deiliskipulagsbreytingu er leitast við að mæta þeim markmiðum sem sett eru fram í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 þar sem lögð er áherla á sjálfbæra þróun og ný atvinnusvæði austarlega í borginni með aukna áherslu á vistvænar samgöngur.

Gert er ráð fyrir núverandi og mögulegum nýjum matjurtargörðum og garðlöndum norðan skipulagðra lóða.

Gert er ráð fyrir að íbúðarhúsið Gilsbakki sé víkjandi á skipulagssvæðinu.

Deiliskipulagsbreytingin felst í eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir tveimur innkeyrslum inn á svæðum austan og vestan við Gilsbakka. Vestan við Gilsbakka eru skilgreindar tvær lóðir. Lóð 1 er afmörkuð án skilmála og því þarf að gera nýja deiliskipulagsbreytingu þegar nýtingaráform um hana liggja fyrir. Lóð 2 er hugsuð fyrir þjónustuíbúðir.
- Austan Gilsbakka eru skilgreindar tvær byggingarlóðir, önnur fyrir starfsemi Aldin Biodome samkvæmt fyrirliggjandi lóðarvilyrði og hin fyrir starfsemi Garðyrkjufélags Íslands samkvæmt fyrirliggjandi lóðarvilyrði. Einnig er gert ráð fyrir sérstakri sameiginlegri bílastæðilóð á milli þeirra.
- Í deiliskipulagsbreytingunni er jafnframt gerðar útfærslur á gatnatengingum af Stekkjarbakka inn á svæðið ásamt nýjum biðstöðvum almenningsvagna.
- Bætt er við vinstribeygju akrein af Stekkjarbakka inn á Höfðabakka til að greiða fyrir umferð. Gert er ráð fyrir nýjum undirgöngum fyrir hjóla- og göngustíga undir Stekkjarbakka austan Hamrastekks sem verða opnari og víðari en þau niðurgröfnu göng sem þar eru. Auk ofantalins er gerðar lagfæringar á stígakerfi svæðisins.

## 3 Almennir lóðaskilmálar

Kynna skal lóðar- og mannvirkjahönnun á vinnslustigi fyrir skipulags- og samgönguráði til samþykktar. Kynna skal uppbyggingu á lóðum með eftirfarandi hætti:

- Fyrirspurnarerindi - frumhönnun uppdrættir í mkv. 1:200 eða 1:100, þar sem gerð er grein fyrir meginhugmynd að uppbyggingu og útliti bygginga ásamt hæðarsetningu húsa og fyrirkomulagi lóða, inngöngum, innkeyrslum í bílakjallara og tengsl við almenningsrými. Þar skal koma fram val á byggingarefnum og hvernig útfærslum á skiltum og öðrum merkingum á húsum og lóð verði háttað. Sérstaklega skal gera grein fyrir ofanvatnslausnum, görðum, þakgörðum, gróðurfari og trjárækt. Fyrirspurnarerindi þarf að berast nokkru áður en endanleg hönnun.
- Byggingarleyfisumsókn er heimilt að skila inn að fenginni jákvæðri umsögn við fyrirspurnarerindi.
- Sérúppdráttur unnin af landslagsarkitekt fyrir skipulag lóðar skal fylgja byggingarleyfisumsókn. Sérstaklega skal gera grein fyrir ofanvatnslausnum, görðum, þakgörðum, gróðurfari og trjárækt.

Á mæliblöðum lóða skulu koma fram kvaðir um ofanvatnsmeðhöndlun, s.s. varðandi hámarksrennsli ofanvatns frá viðkomandi lóð og ráðstafanir til að hægja á eða draga úr rennsli ofanvatns. Ákvæðin skulu taka mið af hámarks flutningsgetu ofanvatnslagna frá svæðinu og útreikningum á nauðsynlegri rýmd ofanvatnslausna innan svæðisins. Gera skal grein fyrir aðferðum við meðhöndlun ofanvatns í byggingarleyfisumsókn og á aðaluppdráttum vegna byggingarleyfis. Ýmsar leiðir koma til greina varðandi ofanvatnsmeðhöndlun innan lóða og til að uppfylla ákvæði þar um. Æskilegt er að meðhöndla ofanvatn sem næst upptökum sínum til að koma í veg fyrir mikla uppsöfnun vatns á einstökum svæðum.

Gróður á þökum (grænþök) stuðlar m.a. að því að hægja á og draga úr rennsli ofanvatns frá þéttu yfirborði. Einnig er hægt að koma fyrir lágpunktum eða lautum með yfirfalli, sem geyma vatnið og auka gróið yfirbragð byggðarinnar. Ákveða skal ofanvatnslausnir og útfærslu þeirra, s.s. stærð og rúmmál ofanvatnsrása, lauta, ofanvatnsrása og jarðvegsfyllinga, í samráði við sérfræðinga á því sviði. Söfnun og endurnýting ofanvatns er hluti af góðu verklagi í tengslum við innleiðingu sjálfbærra lausna. Gera skal grein fyrir landmótun, yfirborðsfrágangi, gróði og lýsingu á lóð á lóðaruppdrætti sem fylgir byggingarleyfisumsókn.

### *3.1 Bílastæði*

Bílastæði skulu vera í samræmi við kafla 6.2 byggingareglugerðar nr. 112/2012. Upplýsingar um fjölda bílastæða á hverri lóð má sjá í umfjöllun um hverja lóð í kafla 5.1. Útfærsla bílastæða á skipulagsuppdráttum er aðeins til skýringar og er ekki bindandi.

Í tengslum við breytingu á deiliskipulagi var unnið samgöngumat sem kveður á um viðmið fyrir bílastæði á svæðinu. Kvaðir eru settar um gróður til að milda ásýnd bílastæða við Elliðaárdal. Gróðursvæði skal því þekja lágmark 15% af yfirborði bílastæða (hafa skal frágang bílastæða í Laugardal til viðmiðunar, t.d. við Skautahöll, íþróttafélagið Þrótt og Laugardalsvöll). Allt ofanvatn af bílastæðum skal hreinsa á staðnum og skilað hreinu til viðtaka (Elliðaáa). Þá skal yfirborð bílastæða vera með gegndræpt yfirborð (t.d. grashellur, ecoraster eða sambærilegt) en akstursvæði mega vera malbikuð. Gera skal ráð fyrir möguleikum á rafhleðslum fyrir rafbíla á bílastæðum innan lóða.

### *3.2 Hjólastæði*

Þar sem svæðið er nálægt útivistarsvæði og með vistvænu þema skulu vera að lágmarki 10 stæði fyrir reiðhjól á hverja 1.000 fm atvinnuhúsnæðis og skulu þau vera sem næst inngangi. Gert er ráð fyrir að stór hluti gesta á svæðinu komi að því um stígakerfi nágrennisins, t.d. hjólandi eða gangandi.

### *3.3 Skilti*

Heimilt er að hafa fyrirtækjaskilti á lóð við innkeyrslu á bílastæði með upplýsingum um heiti byggingar, fyrirtæki eða vörumerki. Skiltin skal hanna samhliða byggingu. Slíkir skiltastandar mega vera allt að 1,2 m háir og 2 m breiðir og vera að lágmarki 1 m frá lóðarmörkum. Uppsetning skilta er háð byggingarleyfi frá byggingarfulltrúanum í Reykjavík. Heimilt er að hafa fyrirtækjaskilti um heiti byggingar, fyrirtækja eða vörumerkja á veggflötum byggingar. Þó er óheimilt að vera með merkingar og auglýsingaskilti á norðurhlið mannvirkja (sem vísa í átt að Elliðaárdal). Ekki er heimilt að setja skilti á þak bygginga. Fyrirtækjaskilti gera verið máluð á veggflöt, mótuð form eða texti sem skorin eru út og fest á veggflöt eða mynduð með ljósum eða öðrum samsvarandi hætti, s.s. með baklýsingu útskorinna forma. Óheimilt er að lýsa skilti með blikkandi lýsingu. Lýsing skal vera óbein og samfelld og fyrir komið á þann hátt að hún lýsi beint á skilti (eða sé innbyggð í skilti) og lýsi ekki beint á götu, stíga eða aðliggjandi eign. Skilti (e. internally-lit box signs) með innri lýsingu eru ekki leyfð.

### *3.4 Sorpgeymslur*

Almennt er gert ráð fyrir að sorpgeymslur séu í byggingum, gámum eða djúpgámum á lóð. Leitast skal við að fella sorpgeymslur inn í landið og milda ásýnd þeirra eins og kostur er. Djúpgáma skal staðsetja samhliða byggingu og tryggja að þeir séu aðgengilegir sorpbílum. Sorpgeymslur skulu að öðru leyti vera í samræmi við byggingarreglugerð og taka mið af rýmisþörf vegna flokkunar sorps. Horfa skal til þess að endurnýta úrgang og flokka sorp á svæðinu eins og best verður á kosið.

## 4 Byggingarskilmálar

Eftirfarandi byggingarskilmálar gilda um nýjar byggingar á skipulagssvæðinu.

Við hönnun húsa og lóða skal þess gætt að fella byggingar, bílastæði og önnur mannvirki sem best að landi t.d. með landmótun eða plöntunotkun.

Ekki má raska landi utan skilgreindra lóða.

Húshliðar á byggingum og gróðurhúsum sem vísa í norður að Elliðaám og Elliðaárdal skulu almennt vera látlausar og falla sem best að umhverfinu. Lóðarhafar skulu afla tilskilinna leyfa ef þeir telja sig þurfa að nota borgarland undir framkvæmdir.

### *4.1 Aðalinngangur*

Aðalinnganga skulu vera aðgengilegir fyrir gangandi vegfarendur sem og frá bílastæðum á viðkomandi lóð og í tengslum við skilgreindar gönguleiðir og stíga.

### *4.2 Byggingarreitir og hönnun bygginga*

Byggingarreitir eru sýndir á skipulagsuppdrætti og skulu byggingar vera innan byggingarreits með eftirfarandi undantekningum: Einstakir byggingarhlutar, svo sem þakskegg, skyggni, gluggafrágangur, vindbrjótar og svalir mega ná út fyrir byggingarreit, þar sem aðstæður á lóð leyfa, að mati byggingarfulltrúa, m.t.t. stærðar lóðar, fjarlægðar á milli húsa og þess háttar. Óheimilt er að nota byggingarefni í hjúpfleti s.s. þakefni, utanhússklæðingar eða málningu, sem geta haft í för með sér útskolun skaðlegra efna í vatn, svo sem þungmálma. Stefnt skal að því að hanna byggingar þannig að beita megi náttúrulegri loftræstingu til að draga úr orkunotkun. Við fullnaðarhönnun bygginga skal haft samráð við slökkviliðið varðandi útfærslu á aðkomuleiðum slökkvibíla.

Val byggingarefna m.t.t. umhverfisáhrifa: Almennt skal leitast við að velja byggingarefni sem hafa sem minnst áhrif á umhverfið og heilsu manna, hvort sem er við framleiðslu, notkun eða endanlega förgun viðkomandi efnis. Æskilegt er að velja byggingarefni sem hafa verið endurunnin, eru endurvinnanleg að lokinni notkun og/eða hafa hlotið umhverfisvottun.

### *4.3 Hæð húsa og vegghæðir*

Almennt er miðað við að hús á svæðinu séu á einni hæð. Mestu mænishæðir og hæðir húsa innan lóða koma fram í kafla 5.1 og á sniðmyndum á uppdrætti 3.

### *4.4 Byggingarefni*

Leitast skal við að vinna með náttúruefni eða létt efni svo sem gler við innganga í byggingar og á veggflötum götuhæða sem snúa að gangstéttum og öðrum gönguleiðum.

### *4.5 Veggsvalir*

Veggsvalir eru heimilar á öllum hliðum bygginga.

### *4.6 Þakform*

Heimilt er að vera fjölbreytt þakform, en þó alltaf með lágmarks vatnshalla. Leitast skal við að hafa þök og jafnvel veggi bygginga á svæðinu með grænu yfirborði, svo sem gras, lyng- eða úthagatorfi eða sambærilegu. Undanþegnar frá þessu eru þær byggingar sem eru með glerþaki eða sambærilegu, svo sem plast. Þök og veggi sem ekki hafa grænt yfirborð skulu vera í lit sem fellur inn í umhverfið, t.d. jarðarlitum.

### *4.7 Hljóðvist*

Sólarhringsumferð um Stekkjarbakka er í kringum 20.000, sem er töluverð umferð. Hljóðvistarkort sýna að hávaði frá umferð til nærliggjandi byggðar í Stekkjum er um 62 db. Tryggja skal hljóðvist bygginga í samræmi við lágmarksákvæði (viðmiðunargildi) reglugerðar.

### *4.8 Notkun/starfsemi*

Starfsemi sem heimiluð er innan hverrar lóðar kemur fram í skilmálum um lóðir. Ekki er heimild fyrir mengandi iðnað, vörugeymslur og almennt íbúðarhúsnæði. Matvöruverslanir eru ekki heimilar á svæðinu.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____

Tillagan var auglýst frá _____

með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulags var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann _____

_____

REYKJAVÍKURBORG - STEKKJARBAKKI

BREYTING Á DEILSKIPULAGI

SKÝRINGARUPPDRÁTTUR - TILLAGA

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A1: | 1:2000 | TEIKN NR: | 2 AF 4 |
| DAGS: | 14.12.2018 | HANNAÐ: | GRG/ÞH |
| FLOKKUR: | 0000-reyk-elli | TEIKNAÐ: | GRG/ÓÍ |
| SKRÁ: | 16184-dsk | VERKNR: | 16184 |

LANDSLAG







Snið A-A




Snið B-B

Skilmálateikningar lóð 3 1:1000




Skilmálateikningar lóð 2 1:1000




Skilmálateikningar lóð 4 1:1000

SKÝRINGAR

- Lóðamörk eftir breytingu
- Byggingarreitir
- Byggingarreitur létt tengibygging
- Gólfflötur/aðkomuhæð

N

| Lóð | Notkun | Stærð lóðar (fermetrar) | Heimilað byggingarmagn (fermetrar) | Heimilað byggingarmagn, gróðurhús eða sambærilegt (fermetrar) | Hámarksfjöldi bílastæða | Hámarksfjöldi rútustæða |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lóð 1 | Þróunarsvæði skv. aðalskipulagi | 19,435 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Lóð 2 | Þjónustuíbúðir | 1,945 | 1,300 | 0 | 15 | 0 |
| Lóð 3 | Gróðurhvelfingar | 12,027 | 0 | 4,500 | 0 | 0 |
| Lóð 4 | Samkomu- og skrifstofubygging | 5,418 | 500 | 300 | 0 | 0 |
| Lóð 5 | Sameiginleg bílastæði | 4,432 | 0 | 0 | 80 | 2 |
| **Samtals** | | **43,257** | **1,800** | **4,800** | **95** | **2** |

Skilmálatafla




Skýringaruppdrættir (lóð 5), snið A-A 1:1000




Skýringaruppdrættir (lóð 5), snið A-A 1:500

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____

Tillagan var auglýst frá _____

með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulags var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

_____

# REYKJAVÍKURBORG - STEKKJARBAKKI

## BREYTING Á DEILSIKIPULAGI

## SKILMÁLATEIKNINGAR - TILLAGA

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A1: | 1:1000 | TEIKN NR: | 3 AF 4 |
| DAGS: | 14.12.2018 | HANNAÐ: | GRG/ÞH |
| FLOKKUR: | 0000-reyk-elli | TEIKNAÐ: | GRG/ÓÍ |
| SKRÁ: | 16184-dsk | VERKNR: | 16184 |

LANDSLAG

\\ESJAN\SAMEIGN\0-VERK\0000-REYK-ELLI\A\16184-ELLIÐAÁRDALUR_DSKBREYTING V STEKKJARBAKKA\TEIKN\DWG\16184-DSK-BR-2018.DWG



Skýringaruppdráttur; þrívíddarmynd af svæðinu sem sýnir hvernig það gæti litið út í framtíðinni.

Skýringaruppdráttur; þrívíddarmynd þar sem sést í átt að lóð 3 frá Hamrastekk.

Skýringaruppdráttur; þrívíddarmynd þar sem sést í átt að lóð 3 frá göngustíg í Elliðaárdalnum.

Skýringaruppdráttur; þrívíddarmynd af svæðinu sem sýnir hvernig mannvirki á lóð 3 gætu litið út, séð úr Elliðaárdalnum.

### *4.9 Lýsing*

Skilmálar varðandi ljósmengun tryggja að ljósmengun frá starfsemi á svæðinu verði innan marka,. Búið er að mæla núverandi ljósmengun á svæðinu sem er í dag töluverð og líklegt að hún aukist mikið.

Myrkramælingar voru framkvæmdar með SQM-LU-DL mæli (Sky Quality Meter) með 20° keilu til að greina birtu himinsins. Niðurstöður eru meðalgildi birtu himins, gildin eru mæld í birtustig/ferbogasek eða eininginni mpasa sem stendur fyrir *„e. magnitudes per square arc-second"*. Mælingar voru framkvæmdar eftir að mælirinn náði að aðlagast umhverfishita við bestu skilyrði, sem er þegar það er heiðskirt og í stjörnurökkri. Þrjár mælingar voru framkvæmdar á hverjum punkti og meðaltal þeirra skráð. Dregið er frá 0.11mpasa sökum ljósmengunar og þjarma frá tungls ljósi. Núverandi ástand myndi flokkast sem slæm borgar umhverfislýsing 18.4mpsas. Meðaltal birtu í Reykjavík er 17.8mpsas.

Staðall um utanhússlýsingu ÍST EN 12464-2: 2007 leggur til flokkun á svæðum í skipulagi til að stýra lýsingu utanhúss og flokkast svæðið sem hér um ræðir sem svæði E2 (viðmið fyrir umhverfi í úthverfi). Samkvæmt hönnunarleiðbeiningum ILE (The Institution of Lighting Eninerrs: Guidance notes for the reduction of obstructive light) skal þjarmi að hámarki vera 2,5% innan svæða sem flokkast sem E2.

Lóðarhöfum er frjálst að lýsa upp lóð og mannvirki innan sinnar lóðar á meðan lýsing veldur ekki óþægindum eða truflun utan lóðarmarka. Almennt skal þó miða við að hafa lágstemmda lýsingu með lágu upplljósi til þess að rýra sem minnst útivistargildi aðliggjandi útivistarsvæðis í Elliðaárdal. Skal lýsing hönnuð samkvæmt þeim takmörkunum sem gefnar eru fyrir svæði E2 í hönnunarleiðbeiningum ILE. Litið skal til þess að velja lýsingu við hæfi og lágmarka ljósmagn eins og hægt er, t.d. með vali á búnaði sem er vel afskermaður og veldur sem minnstri ljósmengun. Einnig er hægt að lágmarka ljósmagn með því að takmarka lýsingu eftir að rökkva tekur. Lýsing utanhúss skal vera óbein, látlaus og glýjulaus, með afskermuðum lömpum, ljósbúnaður skal ávalt stilltur í núll gráðu halla til að takmarka að ljósið lýsi upp í himinn (0% upward light ratio). Lóðarhafa ber að takmarka það ljósmagn sem berst frá húsinu eins mikið og hægt er. Slíku má ná fram með með vali á búnaði sem er vel afskermaður, og veldur sem minnstri ljósmengun, og notkun á ljósastýringu svo dæmi séu nefnd. Með slíkum aðgerðum heldur framkvæmdaraðili sig innan marka hönnunarleiðbeininga ILE.

Vöktun: Gera skal ráð fyrir reglubundinni vöktun á ljósmagni eins og nánar verður kveðið á um í vöktunaráætlun sem unnin verður í samráði milli rekstraraðila á svæðinu og Reykjavíkurborgar. Tilhögun og framkvæmd ljósmælinga skal ákveðin í samráði við Reykjavíkurborg og niðurstöður skulu vera aðgengilegar íbúum borgarinnar og öðrum hagsmunaaðilum.

## 5 Sérskilmálar

### *5.1 Lóðir*

Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsuppdrætti og stærð lóðar skráð. Aðeins eru nýjar lóðir númeraðar, sem þýðir að núverandi lóðir Orkuveitu Reykjavíkur eru án númers, en ein þeirra minnkar lítillega frá gildandi skipulagi. Lóðarhöfum nýrra lóða ber að tryggja fullnægjandi aðkomu að dæluhúsum Orkuveitu Reykjavíkur. Um 20-30% af yfirborði lóða skal vera grænt, þ.e. gras, runnar, tré og annar gróður. Röskun á núverandi gróðri svo sem trjám og runnum skal haldið í lágmarki og komið í veg fyrir hana þar sem því verður við komið. Þá skal leitast við að fella byggingar og önnur mannvirki inn í núverandi land eins og kostur er og jafnvel horfa til endurhönnunar núverandi mannvirkja á svæðinu sem ekki njóta verndar. Núverandi lóðir eru lóðir Orkuveitu Reykjavíkur kringum borholur. Þá er vakin athygli á því að samkvæmt aðalskipulagi er heimilt að vera með veitingastað í flokki 1 og 2 á opnum svæðum og því heimilt á þessu svæði. Nýjar lóðir skv. tillögu að deiliskipulagi eru eftirfarandi:

*Lóð 1:*

Stærð lóðar er 19.435 fm. Innan lóðar er heimilt að hafa starfsemi í samræmi við þróunarsvæði Þ73 skv. B-hluta gildandi aðalskipulags. Ekki er gert ráð fyrir byggingarreitum á lóðinni og því er uppbygging innan hennar háð breytingu á deiliskipulagi. Í slíkri breytingu yrðu byggingarreitir skilgreindir og skilmálar settir varðandi mögulega uppbyggingu.

*Lóð 2:*

Stærð lóðar 1.945 fm. Heimilt er að byggja 5-15 þjónustuíbúðir, t.d. sambýli eða sambærilegt, á einni hæð að hámarki 1.300 fm. Hámarkshæð byggingar er 6,0 m yfir gólfkóta og er þakform frjálst. Fjöldi bílastæða skal vera 1 stæði á hverja íbúð en þau stæði eru einnig fyrir starfsmenn og gesti. Hámarksfjöldi bílastæða innan lóðar er því 15.

*Lóð 3:*

Stærð lóðar 12.027 fm.

Lóð fyrir gróðurhvelfingar. Byggingarreitir á lóðinni skiptast í þrjá hluta vegna fráveitulagnar sem liggur um lóðina.

Hámarks grunnflötur bygginga innan lóðar (byggingarreita B1, B2 og B3) er samtals 4.500 fm en auk þess er heimilt að vera með allt að 2.000 fm á milligólfum (sjá sniðmyndir á uppdrætti 3).

Mikilvægt er að viðurkenndur lýsingarhönnuður komi að hönnun bygginga á lóðinni. Heimilt er að leysa bílastæði fyrir hreyfihamlaða innan lóðar, sem og aðkomu þjónustubifreiða með vörur og önnur aðföng. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir bílastæðum innan lóðarinnar, en vísað á sameiginlega bílastæðalóð (lóð 5).

Innan lóðarinnar er lítil lóð fyrir dæluhús OR og er sú kvöð á lóð 3 að aðkoma um hana skal vera að lóð OR.

Byggingarreitir B1 og B2

Heimilt er að byggja léttar byggingar svo sem gróðurhvelfingar eða sambærilegt (með bogaþaki) innan byggingarreita B1 og B2. Hámarkshæð gróðurhvelfinga frá aðkomuhæð við Stekkjarbakka er 9,0 m en einnig er heimilt að grafa byggingarnar niður og háa gólfkóta botnplötu allt að 11,3 m undir aðkomuhæð við Stekkjarbakka (sjá sniðmyndir á uppdrætti 3).

Byggingarreitur B3

Byggingarreitur B3 er ofan á fráveitulögn sem er á u.þ.b. 5 metra dýpi. Lögnin hefur skilgreint 10 m breitt helgunarsvæði sem takmarkar uppbyggingu innan byggingarreitsins. Innan byggingarreits B3 er heimilt að hafa létta tengibyggingu sem tengir saman gróðurhvelfingar á byggingarreitum B1 og B2. Gólfkóti skal vera sá sami og gólfkóti innan byggingarreita B1 og B2 og er hámarkshæð byggingar 6,0 m yfir gólfkóta, þakform er frjálst. Til að tryggja óhindrað aðgengi að og viðhald á undirliggjandi fráveitulögn á 5 m dýpi, skal gólf tengibyggingarinnar vera byggt sem brú án sökkla og bera tengibygginguna. Samráð skal haft við Veitur við hönnun og útfærslu tengibyggingar. Jafnframt er skilyrt að nánari skilmálar um frágang verða skilgreindir í þinglýstum samningi lóðarhafa og Veitna.

*Lóð 4:*

Stærð lóðar 5.418 fm. Heimilt er að byggja samkomu- og skrifstofuhús fyrir félagsstarf að hámarki 500 fm auk gróðurhúss að hámarki 300 fm, hvoru tveggja á einni hæð. Hámarkshæð byggingar er 6,0 m yfir gólfkóta og er þakform frjálst. Bílastæði er á sameiginlegri bílastæðalóð (lóð 5).

*Lóð 5:*

Stærð lóðar 4.432 fm. Lóð fyrir sameiginleg bílastæði austursvæði (lóðir 3 og 4). Gert er ráð fyrir að hámarki 80 almennum bílastæðum og 2 rútustæðum vegna starfsemi á lóðum 3 og 4. Gera skal ráð fyrir möguleika á því að hluti bílastæða geti verið hleðslustæði fyrir rafmagnsbíla.

Útfærsla bílastæða á skipulagsuppdráttum er aðeins til skýringar og er ekki bindandi.

### *5.2 Byggingar húsnæðis*

Á skipulagsuppdrætti eru sýndir byggingarreitir á lóðum þar sem gert er ráð fyrir nýbyggingum og skulu byggingar byggðar innan þeirra.

### *5.3 Ofanvatn*

Allt ofanvatn sem fellur á mannvirki og bílastæði á svæðinu skal hreinsað á staðnum eins og kostur er með blágrænum ofanvatnslausnum og skilað nægilega hreinu til viðtaka sem eru Elliðaár. Kvaðir eru um að núverandi farvegir ofanvatns fái að vera óáreittar og renna gegnum svæðið í grænu umhverfi á tveimur svæðum, milli lóða 2 og 3 annars vegar, og lóða 3 og 5 og 4 hins vegar. Þá skal gera ráð fyrir að ofanvatni af mannvirkjum og bílastæðum lóða verði að hluta veitt í þessar lænur að undangenginni ásættanlegri forhreinsun innan lóða í ofanvatnsrásum og/eða safnlautum. Undirlag ofanvatnsrása skal vera gegndræpt og skal undirlag hannað með tilliti til hreinsunar á ofanvatni. Almennt skal yfirborð vera eins gegndræpt og kostur er, og skulu bílastæðin sjálf vera með gegndræpu yfirborðsefni eins og grashellum eða plasthellum en akbrautir bílastæða og götur mega vera með ógegndræpu yfirborði. Þakvatni af húsum skal beint í grjótpúkk eða regngarð innan lóðar. Dreni frá húsum og yfirfall af þakvatni skal beint sömu leið og ofanvatni af bílastæðum og götum. Almennt hlutverk ofanvatnsrása er að taka við og beina ofanvatni frá þéttu yfirborði byggðarinnar, hægja á rennsli ofanvatns (e. retention), stuðla að niðursigi ofanvatns (e. infiltration) og hreinsun. Skal þetta skoðast á hönnunarstigi og gert grein fyrir á byggingarnefndarteikningum. Ennfremur þarf að skoða á hönnunarstigi hvort hluti af hreinsun ofanvatns frá mannvirkjum þurfi að geta átt sér stað í settjörnum og/eða safnlautum utan lóða á borgarlandi.

### *5.4 Götur, bílastæði, torg, stígar og opin svæði*

Gert er ráð fyrir sameiginlegu bílastæði á borgarlandi sem verður skilgreint sem sérstök lóð (lóð 5), sjá nánari í kafla 5.1. Bílastæði hreyfihamlaðra skulu þó vera innan lóða á austursvæðinu til að uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar. Bílastæði og aðkomur eru innan lóðar 2 á vestursvæðinu. Þá nýtur gamli Vatnsveituvegurinn verndar (milli lóða 3 og 5) og verður notaður áfram sem stígur. Vatnsveituvegurinn liggur á milli bílastæðalóðar (lóð 5) og lóðar fyrir gróðurhvelfingar (lóð 3) og aðgreinir hann bílastæðin frá aðkomusvæði innan lóðar fyrir gróðurhvelfingar. Stígar innan skipulagssvæðisins tengjast stígakerfi Elliðaárdals eins og kemur fram á breytingaruppdrætti. Gróðursetja skal sem mest af trjágróðri / grænum skjólbeltum innan lóða og á borgarlandi til að milda ásýnd mannvirkja og halda í náttúrulegt yfirbragð Elliðaárdalsins.

Aðkoma að svæðinu fyrir akandi umferð er um ljósastýrð gatnamót á austursvæðinu og hefðbundin gatnamót á vestursvæðinu.

Við gatnamót Stekkjarbakka og Höfðabakka er gert ráð fyrir lagfæringum og fjölgun akreina á Stekkjarbakka til að bæta umferðarflæði frá Stekkjarbakka til vinstri yfir á Höfðabakka.

Aðkoma gangandi umferðar er um gangbrautir við gatnamót og núverandi undirgögn úr suðri en frá stígum Elliðaárdalsins úr öðrum áttum. Gert er ráð fyrir nýjum undirgöngum fyrir aðskilda stíga gangandi og hjólandi austan við núverandi undirgöng undir Stekkjarbakka, sunnan lóðar 4. Lega nýrra undirganga er þannig að aðkoma að þeim er mun betri og víðari en að núverandi undirgöngum. Stígakerfi umhverfis göngin breytist óverulega vegna nýrra undirganga.

Gert er ráð fyrir biðstöðvum vegna almenningssamgangna beggja megin við Stekkjarbakka í nánd við ljósastýrð gatnamót á móts við Hamrastekk.

### *5.5 Veitur*

Rafmagn, heitt og kalt vatn: Veitur sjá svæðinu fyrir rafmagni, heitu og köldu vatni. Samráð skal haft við Veitur og aðra viðeigandi aðila vegna framkvæmda í nánd við núverandi lagnir og möguleika á færslu lagna.

Fráveita: Gert er ráð fyrir að allar byggingar á svæðinu tengist fráveitukerfi Veitna. Kerfið er í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp. Samráð skal haft við Veitur ohf. og aðra viðeigandi aðila vegna framkvæmda í nánd við núverandi lagnir og möguleika á færslu lagna.

## 6 Umhverfisáhrif

Breyting á deiliskipulagi fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Aftur á móti er gerð grein fyrir áhrifum breytingarinnar á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga nr. 123/. Í samantekt á umhverfismati aðalskipulagsins í B-hluta um Breiðholt er tekið fram að uppbygging á þróunarsvæðum Þ73 veldur raski á opnum svæðum í jaðri Elliðaárdals. Umrædd svæði eru þegar röskuð að hluta og hefur uppbygging á þessum svæðum óverulegáhrif á útivistargildi dalsins.

### *6.1 Sjónræn áhrif*

Sjónræn áhrif eru talin óveruleg, þar sem lóðir og byggingarreitir eru staðsettir ofan við náttúrulegan hrygg í jaðri Elliðaárdalsins sem veldur ekki mikilli truflun á upplifun í dalnum. Að auki eru í deiliskipulagsbreytingu settar fram kröfur um gróður og grænt yfirbragð lóða sem munu milda ásýnd uppbyggingar á svæðinu. Gera má ráð fyrir að teljanleg ljósmengun verði frá gróðurhúsum/hvelfingum en sett eru fram skýr ákvæði um hvernig lýsingu og vöktun skuli háttað til að takmarka hana til þess að áhrifin teljist óveruleg.

### *6.2 Vatnsvernd, áhrif á vatn, meðhöndlun efna og fornleifa*

Þar sem svæðið er mjög nálægt Elliðaánum settar fram sérstakar kvaðir um meðferð mengandi efna auk blágrænna ofanvatnslausna við meðferð ofanvatns frá lóðum. Athygli skal vakin á því að svæðið sem deiliskipulagsbreytingin nær til er afar viðkvæmt fyrir hvers konar mengun á framkvæmdatíma og allan þann tíma sem mannvirki eru í notkun á svæðinu vegna nálægðar við Elliðaár. Því skal hafa sérstaka gát á meðferð efna sem geta valdið mengun. Þá er mikilvægt Minjastofnun Íslands verði gert viðvart komi áður óþekktar fornleifar í ljós á framkvæmdatíma samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

### *6.3 Lýsing og ljósmengun*

Séu skilmálar varðandi lýsingu uppfylltir eru áhrif vegna lýsingar talin óveruleg.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í

samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var

samþykkt í _____ þann _____

Tillagan var auglýst frá _____

með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulags var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann _____

_____

REYKJAVÍKURBORG -STEKKJARBAKKI

BREYTING Á DEILSKIPULAGI-

MYNDIR - TILLAGA

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A1: | - | TEIKN NR: | 4 AF 4 |
| DAGS: | 14.12.2018 | HANNAÐ: | GRG/ÞH |
| FLÖKKUR: | 0000-reyk-elli | TEIKNAÐ: | GRG/ÓÍ |
| SKRÁ: | 16184-dsk | VERKNR: | 16184 |

LANDSLAG